



Hreppsnefnd 23.02.06

Hreppsnefndarfundur fimmtudaginn 23. feb. 2006
kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Ólafur Ármannsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Halldóra S. Árnadóttir, G. Inga Geirsdóttir, Steindór Sveinsson og Björn Halldórsson.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 9. feb. sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 9. feb. sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð félagsmálanefndar frá 16. feb. sl.
Lögð fram fundargerð félagsmálanefndar frá 16. feb. sl.
Lögð fram til kynningar.

3. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 17. feb. 2006 sl., ásamt bréfi sveitarstjóra til Hafnarráðs, dags. 11. feb. sl.

Lögð fram fundargerð hafnarnefndar frá 17. feb. sl. ásamt bréfi sveitarstjóra til Hafnarráðs frá 11. feb. sl.

Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 3. tl. fundargerðarinnar og gerði grein fyrir hugmyndum um viðbótarverk sem leitað hefur verið heimildar til að ráðast í. Um er að ræða niðurrekstur stálþils framan við Miðbryggjuna.

Töluverðar umræður urðu um málið þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Hreppsnefnd samþykkti samhljóða tillögu hafnarnefndar varðandi umrætt viðbótarverk og felur sveitarstjóra að ljúka samningum í samræmi við fyrirliggjandi gögn.

4. mál. Þriggja ára áætlun Vopnafjarðarhrepps A -og B hluta sjóða 2006.
-Síðari umræða-

Þriggja ára áætlun Vopnafjarðarhrepps A –og B hluta sjóða árána 2006 –2009 lögð fram til síðari umræðu. Jafnframt lögð fram greinargerð sveitarstjóra með áætluninni. Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirliggjandi gögnum og helstu forsendum fyrir fyrirliggjandi áætlunum.

Lagði hann síðan til að fyrirliggjandi áætlanir um rekstur, efnahag og sjóðstreymi árána 2006-2009, ásamt greinargerð, sem lagðar eru fram til síðari umræðu hér í dag, verði samþykktar.

Allmiklar umræður urðu um þessi mál og svaraði sveitarstjóri framkomnum fyrirspurnum fundarmanna.

Tillaga sveitarstjóra var síðan samþykkt samhljóða.

5. mál. Leikskóli, skipun bygginganefndar

Oddviti gerði grein fyrir hugmyndum að viðbyggingu við leikskólann. Greindi hann frá því að

mikilvægt væri að koma hönnun strax af stað og í því sambandi væri nauðsynlegt að gera þarfagreiningu á því hvaða þætti þyrfti að hafa í huga þannig að viðbyggingin nýttist sem best starfsemi skólans til einhverrar framtíðar. Lagði hann til að skipuð yrði 3-ja manna vinnunefnd er hefði það verkefni að skilgreina þessar þarfir og vera arkitekti til fulltingis hvað þessi mál varðaði.

Tillaga kom fram um að í þessari nefnd yrðu:

“Formaður skólanefndar, leikskólastjóri og einn annar fulltrúi starfsmanna skólans.”

Nokkrar umræður urðu um þessi mál og ræddar hugmyndi að stækkuninni.

Fyrirliggjandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17.10